

Vilhjálmur Stefánsson — Bernsku- og æskuár

„Könnun hefur verið allt mitt líf. Fyrst könnun nýjja heimsins sem drengur. Síðan könnun nýrra hugmynda, sem spruttu eins og sléttuhveiti í þeim heimi. Svo könnun fornra kynþátta og óþekktra landa, og nú, að síðustu, könnun á því, hvernig könnunin sjálf hefur mótað ævi mína.“

Vilhjálmur Stefánsson — Sjálfsævisaga.

Það hefur löngum verið talinn börnum og unglingum ekki síður en fullorðnum hollur lestur að fræðast um afreksmenn þjóðar sinnar, og heyja sér þannig fróðleiks, er gæti haft örvandi áhrif til framtaks og dáða. — Það fer ekki milli mála, að Vilhjálmur Stefánsson er sá maður af íslenzku bergi brotinn, sem einna mesta frægð hefur getið sér á þessari öld á alþjóðlegum vettvangi. Hann fór fjölmargar ferðir til heimskautilandanna, kynntist í æsku Indíánum, var kúreki, vingaðist við Eskimóana og lifði árum saman við harðan kost þeirra. Vilhjálmur ritaði fjölda bóka um ferðir sínar og rannsóknir og að lokum sjálfsævisögu. Bækur þessar voru ritaðar á ensku, en nokkrar þeirra hafa verið þýddar á íslenzku, svo sem:

Veiðimenn á hjara heims,
Meðal Eskimóa,
Heimskautilöndin unaðslegu,
sem Ársæll Árnson þýddi og gaf út,
Hetjuleiði og landfundir,
Í norðurveg,
Ultíma Thule,
Kak, unglingabók,
Vilhjálmur Stefánsson, sjálfsævisaga,
sem Hersteinn Pálsson þýddi.

Áður, 1927, hafði dr. Guðmundur Finn-
bogason gefið út skorinorða og ágæta ævi-
sögu Vilhjálmss. Í þessari stuttu grein,


sem aðeins á að fjalla um bernsku- og
uppvaxtarár hans, verður stuðzt við þess-
ar heimildir, og er þeim, sem frekar vilja
kynna sér efnið, bent á framangreind rit.
— Vilhjálmur var jafnan tryggur og trúr
sonur þjóðar sinnar, enda þótt hann væri
fæddur í annari heimsálfu og starfaði ut-
an Íslands. Hann talaði og las íslenzku.
Hann heimsótti ættjörð sína fyrst árið
1904 og kom hingað ári síðar með vísinda-
leiðangur til mannfræði rannsókna. Síðar
heimsótti hann Ísland aftur og þá í boði
íslenzku þjóðarinnar.

Lífsferill Vilhjálmss Stefánssonar verður
ekki rakinn hér í heild, enda svo marg-
slunginn, að ekki er kostur á að gera slíku
efni skil í örstuttri tímaritsgrein, og hef-
ur enda betur verið gert af öðrum mönn-
um mér hæfari og honum kunnugri. Rétt
þykir mér þó í þessu sambandi að benda
á ummæli dr. Guðmundar Finnbogason-
ar, sem var honum vel kunnugur, er hann
segir: „Þá má oss þykja það merkilegt,
að Vilhjálmur hefur haldið áfram því
landnámi, er forfeður vorir hófu fyrir níu
öldum á ströndum Vesturheims, að hann
hefur fyrstur fundið nokkur ókunn lönd
norður í Íshafi, og gert uppdrátti af
100.000 fermílum enskum, er enginn
kunni deili á áður. — Hann hefur gert

norðurhvel jarðar vorrar greiðfærara og rýmra en það áður var“.

En byrjun á upphafinu. Faðir Vilhjálms, Jóhann Stefánsson, var fæddur í Tungu á Svalbarðsströnd 11. janúar 1830 og bjó að Kroppi í Eyjafirði, áður en hann fluttist til Ameríku. Kona Jóhanns og móðir Vilhjálms var Ingibjörg Jóhannesdóttir hreppstjóra í Hofstaðaseli í Skagafirði (fædd 1. sept. 1842). — Hann var því norðlenzkra ætta. — Í byrjun síðasta tugs 19. aldar var talsvert umrót í íslenzku þjóðlífi, erfitt árferði, takmörkuð trú á sjálfstæðisgetu þjóðarinnar og mikill áróður erlendra „agents“ (*) fyrir útflutningi Íslendinga til annara „gösenlanda“. — „Árið 1875 hafði nokkur hópur Norðlendinga fyllt áhuga á að setjast að í Brazíliu,“ segir Vilhjálmur í endurminningum sínum, „og tal þeirra kom róti á foreldra mína. Íslendingar eru miklir kaffidrykkjumenn. Það nægði þessum hópi að vita, að í Brazíliu gæti hann ræktað sitt eigið kaffi, í stað þess að kaupa það fyrir peninga. Brátt höfðu forsprakkarnir safnað nógu stórum hópi til að fylla skip og halda til Suður-Ameríku um Glasgow og Kanada.“

Einn af „agentunum“ var John Anderson, móðurbróðir Vilhjálms, sem hann telur hafa verið „vandræðagarm“, en lýsir honum annars svo. „Ég hitti aldrei John Anderson, móðurbróðir minn, en ég man vel eftir ljósmyndum af honum, einkum mynd, þar sem hann er í „sjakket“, með háan pípuhatt og einglirni með bandi.“ Í Glasgow tókst „John frænda“ að telja margan, sem hugsað hafði til



Vilhjálmur Stefánsson — Í Hannover 1959

Brazíliufarar, á að fara vestur um haf til norðurbyggða — þar á meðal foreldra Vilhjálms. Þetta var árið 1876. Þau settust að í Árnesbyggð í Nýja Íslandi. Það jarðnæði var þeim skammtað sökum þess, að þau væru Norðurlandabúar, vanir skógarhöggi og fiskveiðum í vötnum. Var þetta auðvitað á miklum misskilningi byggt, því að Íslendingarnir höfðu að minnsta kosti aldrei stundað skógarhögg. Foreldrum Vilhjálms lærðist samt brátt að höggva tré, þótt þau væru óvön öxum, og þau reistu sér bjálkakofa. Þarna bjuggu foreldrar hans þar til árið 1881 og þar er hann fæddur í Hulduárhvammi í Árnesbyggð í Nýja Íslandi í Manitoba-fylki í Kanada 3. nóvember 1879.

Um landnám foreldra sinna farast Vilhjálmi svo orð:

„Foreldrar mínir voru landnámsmenn. Áður en járnbrautirnar miklu voru lagðar um norðvestur-slétturarnar, fóru þau með einföldum farartækjum frá vestur-enda Efravatns yfir að Rauðá og niður eftir henni að Winnipegvatni. Á undan

*) Menn, sem sendir voru til Íslands frá Ameríku (Brazíliu og Kanada) til að fá Íslendinga til að flytja búferlum þangað.

þeim höfðu farið veiðimenn, kaupmenn og trúboðar; en þau voru meðal fyrsta bændanna, er námu land 1876 og tóku að breyta veglausri og skáldlegri villimörkinni í auðugt en hversdagslegt akur-yrkjuhérað dagsins í dag. Það voru harðir reynslutímar. Indíanarnir voru viggjarnlegir og að nokkru leyti hjálpsamir; en landnemarnir misskildu þá og tortryggðu. — Eftir látlaust tveggja ára strit, hafði fólk mitt eignast þægilegt hjálkahús og skógruðningin var vel byrjuð. En þá kom flóðið og drekkti sumu af búpeningnum, tók burtu hevin okkar og nágrannanna, og skildi eftir skort, er með vorinu varð að hallæri. Sagt er, að bróðir minn og systir hafi dáið af harðrétti, og sumir af nágrönnum okkar urðu hungurmorða. Ofan á þetta bættust svo ógnir bólusóttarinnar, því að hallæri og farsóttir verða löngum samferða. — Það voru að nokkru leyti þessir örðugleikar og sorgaratburðir og að nokkru leyti landnámshugurinn framsækni, er dróg fólk mitt úr Manitobaskógunum út á slétturnar í Dakota, en þar fæddist ég rétt fyrir flóðið og var ekki fullra tveggja ára, er við fórum yfir landamærin suður til Bandaríkjanna. Fjölskyldan settist að í Víkurbyggð nálægt Mountain og kallaði Jóhann bæ sinn í Tungu.“

Um tíu ára skeið ólst Vilhjálmur upp á þessum fremur afskekktu bóndabæ og gekk í fáa mánuði samtals í lítinn sveitaskóla, sem starfaði stopult og aðeins nokkra mánuði á ári. Þriggja mílna gangur var í skólann, en snemma bar á góðum námshæfileikum hjá honum, þótt biðyrði á að þeir fengju að komast í gagnið.

Auðvitað átti Vilhjálmur Stefánsson á þessum árum sinn ævintýraheim og dagdrauma.



Árið 1887 — Vilhjálmur og Rósa systir hans

Fyrsti metnaður hans var, að verða eins og „Vísunda-Villi“ (Buffalo Bill), sem enn var þá í fullu fjöri, enda gekk eldri bróðir Vilhjálms, Jói, jafnan með bardastóran hatt og hár niður á herðar, að hætti hetjanna þarna í landamærabyggðinni, og þótti raunar líkjast Villa. — Vilhjálmur gerðist og um tíma kúreki (cow-boy) og fór líka að verða til fara eins og „Vísunda-Villi“, og eins og hann segir frá: „stinga á mig skammbyssu á morgnana alveg eins og ég fór í fötin mín.“ En svo fékk hann annan metnað: „Fyrirmynd mín varð Robinson Crusoe.



Vilhjálmur átján ára gamall

Sá metnaður hefur fylgt mér síðan. Tuttugu árum síðar, þegar ég fann lönd og gekk í land á eyjum, þar sem mannlegur fótur hafði aldrei stigið áður, þá fór reyndar svipaður fögnuður um mig og í æsku, er ég hugsaði mér að ég væri skipbrotsmaður á eyði eyju, eða væri að heimækja Robinson á eyjunni hans.“

Og Vilhjálmur heldur áfram frásögn um um endurminningar frá æskuárunum: „Er faðir minn dó, seldum við jörðina og ég varð um fjögur ár kúasmali í „óbyggðum“, en svo nefndum við þær sléttur, sem enn voru ónumdar. — Vísundarnir voru að kalla horfnir, en „Sitting Bull“ og Indíánar hans voru á næstu grösum og engin lömb að leika sér við. — En einn daginn fréttum við, að „Sitting Bull“ hefði verið skotinn og að andaðnsunum væri lokið.“

Þannig var lífið þá þarna vestur á sléttunum miklu, þegar Vilhjálmur Stefánsson var að alast upp. En honum var annað og meira ætlað en að verða harðskeyttur „cow-boy“. Hann réðist út á menntabrautina, sem var torsóttur vegur fyrir fátækan sveitadreng á þeim árum, en svo frábær námsmaður reyndist hann, að hann lauk fjögurra ára háskólanámi á níu mánuðum og tók þó öll tilskilin próf. Sumarið 1904, þá aðeins tuttugu og fimm ára, kom Vilhjálmur í fyrsta sinn heim til ættjarðar sinnar og heimsótti ættingja sína. Árið eftir kom hann hingað með vís-

Þér landnemar, hetjur af konungakyni,
sem komuð með eldinn um brimhvítt höf,
sem stýrðu eftir stjarnanna skini
og stormana hlutuð í vöggugjöf —
synir og farmenn hins frjálsborna anda,
þér leituðuð landa.
Í særoki klufuð þér kólguna þungu,
komuð og sáuð til stranda.



Jói bróðir Vilhjálms, sem dáiði Vísunda-Villa

indaleiðangur. Síðar batzt hann Íslandi og Íslendingum nánari böndum, og kunnugir hafa sagt mér, að hann hafi jafnan verið stoltur af því að vera Íslendingur, enda þótt hann væri ríkisborgari í öðru og stærra landi. Sjálfur var hann hógvær maður og spilltist ekki af mikilli frægð og marghátuðum sóma, sem honum var sýndur, lifði óbrotnu lífi, þrátt fyrir góð efni, og kunni ef til vill bezt við sig meðal vina sinna í tjöldum Indíánanna eða snjóhúsum Eskimóanna.

Í fjalldölum fossarnir sungu.
Að björgunum brimskaflar sprungu.
Þér blessuðuð Ísland á norræna tungu.
Fossarnir sungu,
og fjöllin bergmála enn:
Heill yður, norrænu hetjur.
Heill yður, íslenzku landnámsmenn.
(Davíð Stefánsson: Að Þingvöllum)